

Fundargerð 61. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: Rafrænt á teams

Tími: 10. nóvember 2021 15:30-16:20

Viðstaddir: Baldur Dýrfjörð (BD), Hlöðver Stefán Þorgeirsson (HSP), Hrund Ó. Andradóttir (HÓA), Sigrún Tómasdóttir (ST)

Forföll: Sigurður Grétar Sigmarsson (SGS)

Dagskrá:

1. Fundargerð 59. og 60. stjórnarfundar
2. Fræðslufundur haust 2021
3. Umræður um næsta fræðslufund
4. Áframhaldandi umræður um heildardagskrá vetrarins
5. Önnur mál

1. Fundargerð 59. og 60. stjórnarfundar


Samþykktar.

2. Fræðslufundur haust 2021

Mikil ánægja af rafrænum fræðslufundi í október. Mikil aðsókn var á fundinn. Rætt var að rafrænt fyrirkomulag hentaði fjölbreyttari hópi og hjálpaði til að draga fleiri aðila í félagið.

3. Umræður um næsta fræðslufund

Rætt var um fjárfestingaráttak Umhverfisráðuneytisins sem miða að aukinni og hagkvæmari skólphreinsun. Styrkur er veittur sem samsvarar ígildi virðisaukaskatts af framkvæmdum við safnræsi of fleiri betrubótum á fráveitukerfum. Mikil þörf á betrubótum en mikil vinna felst í að koma peningum í vinnu. Flöskuhálsar eru m.a. vinnubrögð, vinnuferlar, skilvirkni og mannauður. Meirihluti fráveitna er rekinn í hlutastarfi og hafa ekki burði til að undirbúa stór fráveituverkefni. Mikilvægt að taka samtalið við sveitarfélag um allt landið, fara í áttak að frumhanna lausnir til að geta metið hvernig sé best að ráðstafa fjárfestingum á skólphreinsun í þéttbýli við sjó. Landshluta samtök sveitarfélaga geta hýst verkefnastofur um átakið. Rætt var að halda síðdegisfund með aðkomu UST og samtaka iðnaðarins um stöðu fráveituhreinsunar, fræðast um nýjar framkvæmdir (Akureyri og Mývatn), og ræða um tækifærin (sjá mynd 1). Stjórnarmönnum falið að íhuga nánar útfærslu(r).



Mynd 1: Hugarkort að skólpálafundi.

4. Áframhaldandi umræður um heildardagskrá vetrarins

Rætt var um að halda samtals fjóra fundi á árinu. Mikill áhugi á stjórnvöldum að láta á sig kveða um aðlögun að loftslagsbreytingum á COP26. Á International Conference of Urban Drainage (ICUD) sem haldin var rafrænt 25-29 október síðastliðinn var töluverð áhersla á mæli- og stýritækni til þess að nýta sem best flóðavarnir og fráveitumannvirki. Jafnframt var lögð áhersla á framlínu efnamengun eins og örplast, möguleika á framlagi almennings (e. citizen science). Ákveðið var að vinna áfram með aðlögun að loftslagsbreytingum eftir áramót.

5. Önnur mál

Samþykkt var að auglýsa miðbikskynningu á Doktorsverkefninu Tarek Zaqout þann 19. nóvember meðal félagsmenn. Næsti fundur verður eftir tvær vikur.

Fundi var slitið kl. 16:20.

Fundarritari: Hrund Ó. Andradóttir, hrund@hi.is